

✉ Re: Zip Line braut - Lýsing á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Búið til	20.9.2021 15:29:18
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.9.2021 15:29:16
Tilheyrir	 202108-0018 - Zip Line braut - Lýsing á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerðisbæ

Efni

Re: Zip Line braut - Lýsing á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.9.2021 15:29:16	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	gfb@hveragerdi.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202108-0018 (LA).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 23. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og nýtt deiliskipulag. Breytingin felur í sér heimild fyrir „zip-line“ starfsemi á Árhólmasvæði við Hengladalaá og Varmá í Hveragerði. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem strandsvæði og það nýtur hverfisverndar (HV1). Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjaskrá (751) vegna vísindalegs gildi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir skipulagslýsingu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

- Línubrautin liggur innan svæða á náttúruminjaskrá, innan vatnsverndarsvæðis og svæðis sem nýtur hverfisverndar. Þá er staðsetning turnsins áætluð á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, auk þess að hafa áhrif á útsýni og aðgengi að fossum sem njóta einnig verndar sömu greinar.
- 8-12 metra hár turn í Kömbunum mun sjást víða að og skerðir landslag. Í skipulagslýsingu þarf að sýna myndir af staðsetningu turnsins frá fleiri sjónarhornum, samanborið við mynd 5 á bls. 6. Þá væri einnig æskilegt að sýna myndir með stálvírum brautarinnar sem koma til með að sjást í landslaginu.
- Aðkomuleið að turninum er frá Árhólum eftir gömlum vegslóða sem á að nýta og göngustígur lagður upp hlíðina. Þá er talið hugsanlegt að leggja slóða alla leið upp að turninum á síðari stíggum

sem eingöngu væri nýttur fyrir starfsemina. Nýr vegslóði veldur raski á svæði sem nýtur verndar.

- Ekki er gerð grein fyrir áhrifum starfseminnar á umferð þjóðveggarins í Kömbunum og hvort af henni stafi truflun eða slyshætta, t.d. bílar sem hægja á sér eða stoppa í vegkanti til að fylgjast með.
- Ekki er gerð grein fyrir veðurfarslegum þáttum sem hljóta að hafa áhrif á turninn og starfsemi línubrautarinnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Guðmundur F Baldursson" <gfb@hveragerdi.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ölfus@ölfus.is" <olfus@olfus.is>; "Gunnlaugur Jónasson" <gunnlaugur@olfus.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Minjastofnun" <postur@minjastofnun.is>; "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "HSL" <hsl@hsl.is>; "Rarik ohf" <rarik@rarik.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Hannes Sigurðsson" <hsver@simnet.is>

CC: "Oddur Hermannsson" <oddur@landform.is>

Subject: Zip Line braut - Lýsing á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Date: 23.8.2021 09:32:18

Zip Line braut - Lýsing á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Kæri umsagnaraðili

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 19. ágúst sl. var samþykkt að kynna fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum meðfylgjandi lýsingu á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerði sbr. 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting felur í sér heimild fyrir „zip-line“ starfsemi á Árhólmasvæði við Hengladalaá og Varmá í Hveragerði. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem strandsvæði og það nýtur hverfisverndar (HV1). Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjaskrá (751) vegna vísindalegs gildi.

Í breytingu á deiliskipulagi fyrir Árhólmasvæðið verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum s.s. aðkomu, bílastæðum og gönguleiðum. Einnig verða settir fram skilmálar um landnotkun, mannvirki og vernd náttúru- og menningarminja.

Skipulagslýsingin, sem gerð er skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar. Frestur til að gera athugasemdir við skipulagslýsinguna er til 20. september 2021.

Undirritaður óskar hér með eftir umsögn stofnunar þinnar eða félags um, skipulagslýsinguna og skal hún send, fyrir ofangreindan frest, til Skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is (<mailto:gfb@hveragerdi.is>)

Kær kveðja,

Guðmundur F. Baldursson

Skipulagsfulltrúi

Sími: 483 4000; 660 3910

Viðhengi

image001.png (5 KB)